



Alþingi  
Ágúst Geir Ágústsson  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 15. nóvember 2001  
Tilvísun: 2001110041 / 13-611

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um leigubifreiðar.**

Hér að neðan eru athugasemdir Akureyrarbæjar við frumvarp til laga um leigubifreiðar.

1. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við greinina.

2. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. er samgönguráðherra heimilað að fenginni umsögn Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins. Verði sveitarfélögum falin þessi framkvæmd þá skortir afdráttarlaus ákvæði í frumvarpið, þess efnis að sveitarfélagið taki stöðu Vegagerðinnar skv. frumvarpinu eftir því sem við á. Þannig væri viðkomandi sveitarfélag útgefandi atvinnuleysis skv. 6. gr., sá aðili sem fengi gjöld skv. 12. gr. osfrv.

Þá er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þá leið, að ráðherra geti því aðeins falið sveitarfélagi umrædda framkvæmd, að slík beiðni berist frá sveitarfélaginu, en slíkt samræmist betur ummælum í greinargerð.

3. gr. - 5. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessar greinar.

6. gr.

Í 2. mgr. 6. gr. er leyfishafa einum heimiluð nýting á atvinnuleyfi. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að ákvæðið sé óbreytt frá núgildandi lögum. Í frumvarpinu virðist hins vegar gert ráð fyrir því að til séu s.k. "forfallabílstjórar", þrátt fyrir að frumvarpið heimili ekki öðrum nýtingu atvinnuleysis nema leyfishafa sjálfum. Sé vilji til að veita slíkar heimildir, þ.e. til "forfallaaksturs" þriðja aðila, verður að taka það fram með skýrum hætti, ella fer slík framkvæmd í bága við afdráttarlaust orðalag 2. mgr. 6. gr.

Í 5. mgr. 6. gr. er veitt sérstök heimild til að taka sérstakt tillit til umsókna öryrkja. Ómögulegt er að gera sér grein fyrir því hvað felst í þessu, þ.e. hvort veiti eigi þeim forgang og þá vegna hvers, hve mikil örorka þarf að vera o.s.frv.

7. gr.

Greinin er mjög óskýr og opin. Getur Vegagerðin veitt leyfi af eigin geðþótta til reksturs eðalvagnþjónustu, þ.e. alveg óháð því hvort skilyrðum kaflans sé fullnægt? Standa leiðsögumenn framfarum öðrum bílstjórum þegar kemur að veitingu leyfis skv. ákvæðum kaflans, þ.e. þurfa þeir ekki að fullnægja almennum skilyrðum hans? Hver er ástæða þessa? Greinin er veitir Vegagerðinni allt of rúmar heimildir til að veita atvinnuleyfi til viðkomandi aðila, enda er stofnunin ekki bundin af neinum skilyrðum við slíkar leyfisveitingar.

8. gr.

Greinin lýtur að takmörkun á fjölda leyfa. Óeðlilegt er að takmarka fjölda leyfa á þessu sviði og eðlilegra að gefa þetta frjálst. Ekki verður séð hvaða rök standi til þess að takmarka aðgang manna að þessum réttindum, svo framfarlega sem þeir fullnægja öðrum skilyrðum laganna. Ef leyfafjöldi er ótakmarkaður næst fram samkeppni á þessu sviði, sem ætti að tryggja hámarks gæði þjónustunnar á lágmarks verði. Fjöldatakmörkun hlýtur að fara í bága við hagsmunir neytenda, en þegar af þeirri ástæðu er varhugavert að viðhalda slíkri takmörkun.

Þá er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra fái umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, héraðsnefndar og félags bifreiðastjóra, áður en fjöldi leigubifreiða er takmarkaður. Það er með öllu óskiljanlegt af hverju leita þarf umsagnar viðkomandi héraðsnefndar, enda hlýtur að vera nægjanlegt að leita til viðkomandi sveitastjórnar. Ef vilji er til að takmarka fjölda leigubifreiða væri amk. eðlilegt að láta það velta á vilja sveitastjórnar en ekki ráðherra. Þannig gæti umsögn sveitastjórnar verið bindandi fyrir ráðherra hvað það varðar.

9. gr.

Í síðustu málsgrein 9. gr. frumvarpsins er eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa heimiluð nýting í tiltekinn tíma. Ekki er kveðið skýrt á um það hvort viðkomandi aðilar þurfi að fullnægja skilyrðum 5. gr., en telja verður að þess þurfi nema skýrlega sé kveðið á um annað. Í þessu sambandi ber að hafa í huga athugasemdir við 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins hér að framan.


10. gr. -11. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessar greinar.

12. gr.

Af lagatæknilegum ástæðum er lagt til að fjárhæðir verði á einhvern hátt verðtryggðar. Þá er lagt til að höfð verði hliðsjón af athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins, þegar umræddum gjöldum er ráðstafað.

Virðingarfyllst,



Hákon Stefánsson, bæjarlögmaður.